



Landeigendur athugið

Nú um þessar mundir eru bændur og búalið að vera langt komnir með viðhald á girðingum sínum. Þá er rétt að rifja upp 5.gr. reglugerðar nr. 930/2012, um girðingar meðfram vegum, stendur:

„Viðhaldskostnaður girðinga með stofn- og tengivegum greiðist að jöfnu af Vegagerðinni og landeiganda. Þegar landeigandi hefur lokið árlegu viðhaldi girðinga með stofn- og

tengivegum skal hann tilkynna það til sveitarstjórnar og viðkomandi þjónustustöðvar Vegagerðarinnar og óska eftir greiðslu á kostnaðarhlutdeild veghaldara. Vegagerðin skal greiða landeiganda sem svarar helmingi af áætluðum viðhaldskostnaði girðinga eins og hann er skilgreindur í 3. mgr. Vegagerðinni er heimilt að synja um greiðslu komi í ljós að viðhaldi hefur ekki verið sinnt með fullnægjandi hætti að mati Vegagerðarinnar.“

Á næstu vikum mun Vegagerð ríkisins taka út girðingar hjá þeim landeigendum sem tilkynna að girðingar þeirra séu í lagi skv. 5. gr. reglugerðar nr. 930/2012.

Tilkynna skal viðhald á girðingum til sveitarfélagsins fyrir miðvikudaginn 1. júlí nk. á klaustur@klaustur.is, eða í síma 487 4840.

NÁNARI UPPLÝSINGAR

Skrifstofa Skaftárhrepps

 [487 4840](tel:4874840)